

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 14. apríl var haldinn 129. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og hófst kl. 17:10. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, Svala Arnardóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Kristján Freyr Halldórsson og Örn Þórðarson. Þá sat fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastýra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri Miðborgar og Hlíða og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerð. Heiða Björg Hilmisdóttir sat fundinn undir 1. lið.

Þetta gerðist

1. Heilsueflandi hverfi. Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi, kynnir verkefnið Heilsueflandi hverfi.
Hverfisráð fagnar því að verkefnið er farið af stað í Hlíðunum og hvetur grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili til þess að taka þátt í verkefninu sem og íbúa hverfisins.
2. Umsagnir frá nemendaráði Hlíðaskóla og Ungmennaráði Miðborgar og Hlíða varðandi upplýsingar frá SFS um húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Hlíðaskóla.
Hverfisráð þakkar fyrir umsagnirnar. Framkvæmdastjóra falið að senda þær áfram á SFS og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Nauðsynlegt er að vinna að lausn húsnæðismála Gleðibankans í góðu samráði við Nemendaráð Hlíðaskóla og Ungmennaráð Miðborgar og Hlíða.
3. Farið verður af stað með kynningu á verkefninu Leiksvæði í fóstur í Hlíðum. Formaður Hverfisráðs undirbýr verkefnið ásamt deildarstjóra náttúru og garða hjá umhverfis- og skipulagssviði.
4. Farið yfir umsóknir í Forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar. Hverfisráð Hlíða hefur 645.000 til ráðstöfunar.
Alls bárust fjórar umsóknir.
Samþykkt að veita eftirfarandi verkefnum styrk:
Fróðir Foreldrar 345.000 kr. Hópeflisfélagið 150.000 kr. og Ekki meir 150.000 kr.
5. Farið yfir ráðstöfunarfé hverfisráðs Hlíða fyrir árið 2016.
6. Staða á Betri Hverfum: Kynning.
7. Farið yfir samtarfsaðila og dagskrá sumardagsins fyrsta í Hlíðum og Miðbæ.

Fundi slitið kl. 19:10

Margrét M. Norðdahl

Hrefna Guðmundsdóttir
Örn Þórðarson

Svala Arnardóttir
Kristján Freyr Halldórsson